

FRÉTTATILKYNNING

6. desember 2001

Samkeppnisráð leggur sekt á Landssíma Íslands hf. vegna misnotkunar fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu þess

Samkeppnisráð hefur komist að þeirri niðurstöðu að í samningi Landssíma Íslands við Hafnarfjarðarbæ um síma- og gagnaflutningsþjónustu felist alvarlegt brot Landssímans á samkeppnislögum. Með samningnum hafi fyrirtækið misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Samkeppnisráð hefur gert Landssímanum að greiða 40 milljónir króna í sekt til ríkissjóðs vegna þessa brots. Eftir breytingar á samkeppnislögum sem tóku gildi fyrir réttu ári er það meginregla að leggja skuli stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn bannákvæðum samkeppnislaga.

Síðastliðið haust áttu sér stað samningaviðræður Landssímans og Hafnarfjarðarbæjar um síma- og gagnaflutningsþjónustu fyrir bæinn. Fjarskiptafélagið Títan hf. hafði áhuga á þessu verkefni og óskaði eftir því að fá að gera tilboð í verkið. Þann 12. desember sendi Títan tilboð en bærinn ákvað að taka tilboði Landssímans og var samningur þar að lútandi undirritaður þann 28. desember 2000. Títan sendi samkeppnisyfirvöldum erindi og taldi að Landssíminn hefði brotið samkeppnislög með þessum samningi.

Samkeppnisráð telur í ákvörðun sinni að gögn málsins gefi skýrt til kynna að Landssíminn hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með gerð samningsins við Hafnarfjarðarbæ. Fyrirtækið hafi með óeðlilegum aðgerðum náð þessum viðskiptum og skaðað stöðu keppinauta fyrirtækisins. Samningurinn fól m.a. í sér að Hafnarfjarðarbæ væri óheimilt á samningstímanum að eiga viðskipti við aðra en Landssímamann um síma- og gagnaflutningsþjónustu. Slík einkaréttarákvæði í samningi markaðsráðandi fyrirtækis fela í sér skýrt brot á samkeppnislögum. Það hefur skaðleg áhrif ef fyrirtæki eins og Landssíminn reyna með þessum hætti að halda keppinautum sínum frá markaðnum. Samkeppni á fjarskiptamarkaðnum er takmörkuð vegna yfirburðastöðu Landssímans og allar frekar hömlur á samkeppni vegna háttsemi Landssímans eru óásættanlegar og andstæðar hagsmunum neytenda.

Jafnframt var kveðið á um það í samningnum að Landssíminn veitti Hafnarfjarðarbæ afslátt af viðskiptum sem þegar höfðu átt sér stað allt að 8-9 mánuðum áður en samningurinn var gerður. Slík afturvirk afsláttarkjör eru óeðlileg og óvenjuleg. Sú athöfn Landssímans sem fyrirtækis í yfirburðastöðu á fjarskiptamarkaði, að setja ákvæði um afturvirknan afslátt í samning um sölu á fjarskiptaþjónustu hefur skaðleg

áhrif á samkeppni og hindrað aðgang annarra að markaðnum. Sama á við um það ákvæði samningsins sem kveður á um endurgreiðslu fjarskiptasambanda sem Hafnarfjarðarbæ hafði láðst að segja upp. Samningsákvæðin um afslátt voru þess eðlis að ekkert fyrirtæki annað en Landssíminn gat veitt sambærilegan afslátt. Að mati samkeppnisráðs er hinn afturvirki afsláttur og endurgreiðslur ekki byggðar á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum. Í samningskjörum fólst óeðlileg aðgerð sem miðaði að því að halda viðskiptum Hafnarfjarðarbæjar hjá Landssímanum og útiloka þar með aðra keppinauta frá viðskiptunum. Samkeppnisráð telur að þessi samningsákvæði feli í sér alvarlega misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins og brot á 11. gr. samkeppnislaga.

Landssíminn hefur viðurkennt að í umræddum samningi felist óvenjuleg ákvæði en hélt fyrirtækið því fram fyrir samkeppnisráði að þau hefðu komið til vegna mistaka. Í ákvörðun sinni felst samkeppnisráð ekki á þetta heldur telur þvert á móti að gögn málsins sýni ótvírætt að um meðvitaða aðgerð var að ræða sem miðaði að því styrkja eða viðhalda ráðandi stöðu fyrirtækisins.

Landssíminn hefur margoft misnotað markaðsráðandi stöðu sínu. Hingað til hefur samkeppnisráð kosið að beita ekki sektarúrræðum samkeppnislaga heldur brýnt fyrir Landssímanum að gæta hinnar sérstöku skyldu til að raska ekki samkeppni sem hvílir á fyrirtækinu skv. samkeppnislögum. Í þessu máli telur samkeppnisráð hins vegar nauðsynlegt að beita sektum til að tryggja að Landssíminn láti af lögbrotum í framtíðinni og telur samkeppnisráð hæfilegt að leggja 40.000.000 kr. sekt á fyrirtækið

Breytingar á samkeppnislögum tóku gildi í desember 2000. Breytingunum er m.a. ætlað að tryggja að meginreglan verði sú að stjórnvaldssektir verði lagðar á fyrirtæki ef þau brjóta bannreglur samkeppnislaga. Sektum skv. samkeppnislögum er ætlað að vera mikilvægt tæki til að tryggja að markmið samkeppnislaga náist. Sektirnar hafa það hlutverk að fæla fyrirtæki frá því að raska samkeppni og skaða hagsmuni neytenda. Fjárhæð sekta í þessu máli miðast m.a. við að þær hafi þessi varnaðaráhrif.

Sjá nánar ákvörðun samkeppnisráðs nr. 34/2001.